

Hönnunar- og markaðsbraut

Hönnunar- og markaðsbraut er undirstrikun á mikilvægi þess að **markaðssetning** og **hönnun** fari saman. Í náminu er lögð áhersla á góða tengingu við atvinnulífið. Brautin er undirbúningur fyrir áframhaldandi nám í hönnunar- og/eða markaðsfræðum auk þess að starfa við hinar fjölbreyttu greinar hönnunar í atvinnulífinu. Stúdentspróf af hönnunar- og markaðsbraut er **202 einingar**.

„Það mikilvægasta sem ég tók með mér úr náminu í FG er hæfileikinn til þess að þróa hvaða hugmynd sem er til enda. Áherslan á **fjölbreytta og krefjandi** áfanga á mínu sviði hjálpuðu mér að komast inn í einn af stærstu tískuháskólum í heiminum.“

Arna Engilbertsdóttir nemandi við London College of Fashion



Kjarni brautar

	Fjöldi eininga
Íslenska	20
Enska	15
Stærðfræði	5
Danska	8
Raungreinar	10
Félagsvísindi	5
Saga	10
Spænska/franska/þýska	15
Fjármálalæsi	5
Lífsleikni	4
Lýðheilsa	2
Íþróttir	8
Hönnun	12
Hönnunarsaga	5
Frumkvöðlafræði	5
Markaðfræði	%\$
Teikning	5
Bókfærsla	5

Bundið val

Hönnunar-, iðn, verk-, viðskiptagreinar
Hver nemandi velur 25 einingar = 5 áfangar

Viðskiptagreinar

Lögfræði	Tölvubókhald
Bókfærsla	Fjármál fyrirtækja
Stjórnun	Rekstrarhagfræði 1 og 2
	Þjóðhagfræði 1 og 2

List- og verkgreinar

Fatahönnun	Hönnunarsaga
Tískuteikning	Textílhönnun
Nýsköpun	Litafræði
Módelteikning	Menning
Ljósmyndun	Myndvinnsla
Forritun	Trésmíði

Kjörsvið

Hver nemandi velur 15 einingar = 3 áfangar

Nemendur velja sér þrjá áfanga í sama faginu af hvaða braut skólans sem er eða dýpka þekkingu sína í greinum sem þeir hafa þegar tekið.

Frjálst val 13 einingar